

Nd. **205. Nefndarálit** [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í athugasemdum með lagafrumvarpi þessu er þess getið, að ætlunin sé að hækka sektarheimildir svo þær fylgi verðlagsbreytingum. Þess er hvergi getið í athugasemdunum, að ætlunin sé að hækka sektarheimildir meira en verðlagsþróun gefur tilefni til. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni væri raunhæft að margfalda upphæðirnar frá maí 1980 með 2.92, ef fylgja á verðlagsþróuninni eins og hún birtist í breytingum á vísitölu vöru og þjónustu. Það virðist því sem mistök hafi átt sér stað í útreikningnum í frumvarpinu, og leyfi ég mér því að flytja breytingartillögu til leiðréttingar á frumvarpinu en til samræmingar við athugasemdir þess.

Alþingi, 17. des. 1982.

Ólafur P. Þórðarson.